

**Stofnanasamningur
milli
SFR – Stéttarfélag í almannaþjónustu
og
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**

1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR – Stéttarfélagi í almannaðjónustu sem eru í starfi hjá ÁTVR.

2. Markmið.

Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.

- a. Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.
- b. Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.
- c. Að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið við yfirmenn um fastar greiðslur, sem ekki eru hluti af grunnlaunum, séu teknar inn í fóst laun.
- d. Að launakerfið stuðli að því að tekin verði upp reglubundin starfsmannasamtöl.

3. Starfsflokkar

Launakerfi ÁTVR byggir á eftirfarandi starfaflokkun:

3.1 Starfaflokkur 1

Almenn störf sem eru unnin undir stjórn annarra.

- Afgreiðslumaður Lfl. 7
- Lagerstarfsmaður Lfl. 7
- Timabundin ráðning Lfl. 6

3.2 Starfaflokkur 2

Almenn störf er krefjast þekkingar á ákveðnu sviði ÁTVR. Starfið getur falið í sér verkstjórn.

- Vaktstjóri Lfl. 17
- Afgreiðslustjóri/bilstjóri Lfl. 17
- Verkstjóri/gjaldkeri Lfl. 18

3.3 Starfaflokkur 3

Skipulagning og stjórnun einnar eða fleiri deilda eða stýring á ákveðnu starfssvæði. Starfið getur falist í stjórnun og samhæfingu við stefnu ÁTVR og ábyrgð á samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

- Aðstoðarverslunarstjóri/aðstoðardeildarstjóri Lfl. 20
- Verslunarstjóri – einyrki Lfl. 20
- Skrifstofumaður Lfl. 19
- Sérfræðingur Lfl. 21
- Verslunarstjóri með 2 starfsmenn eða fleiri Lfl. 24
- Deildarstjóri/verkefnastjóri Lfl. 24
- Framkvæmdastjóri Lfl. 38

4. Mat á einstökum þáttum.

4.1. Starfsreynsla.

Þessi grein gildir um störf sem raðað er í starfaflokk 1. Starfsaldur starfsmanna skal meta sem hér segir:

- starfsreynsla hjá ÁTVR/eða fyrri reynsla metin í 1 ár, 1 launaflokkur
- starfsreynsla hjá ÁTVR/eða fyrri reynsla metin í 3 ár, 1 launaflokkur
- eftir 6 mánuði í starfi hjá ÁTVR, 1 launaflokkur

Við ráðningu er heimilt að meta starfsreynslu í hliðstæðum störfum til allt að tveggja launaflokka í stað ofangreindra starfsaldursákvæða.

4.2. Mat á námskeiðum.

Meta má allt að þremur námskeiðum sem skipulögð eru sérstaklega fyrir starfsmenn ÁTVR og fá starfsmenn sem eru í starfaflokki 1 einn launaflokk fyrir hvert námskeið:

- 1 launaflokkur við 60 kennslustundir.
- 1 launaflokkur við 120 kennslustundir.
- 1 launaflokkur við 200 kennslustundir.

4.3. Mat á einstökum störfum.

Við röðun einstakra starfa innan launabils skal taka tillit til eftirfarandi:

- hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

4.4. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna.

Við mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna varðandi röðun innan launabils umfram fyrrgreinda þætti skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

Að starfsmaður

- sýni góðan viðvarandi árangur í starfi
- geti sinnt starfi á fleiri en einu verksviði innan ÁTVR
- sýni áhuga og frumkvæði í starfi
- sýni hæfni til samskipta og samvinnu
- sýni hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- sinni fræðilegum athugunum á starfssviði ÁTVR
- afli sér símenntunar sem nýtist í starfi hjá ÁTVR

5. Endurskoðun

Heimilt er að endurskoða samkomulag þetta eftir eins árs reynslutíma ef aðilar óska þess.

Reykjavík, 27. apríl 2007

F.h. SFR – Stéttarfélags í almannajónustu

F.h. ÁTVR

Bókun með samningi milli ÁTVR og SFR – stéttarfélags í almannajónustu dags. 19. maí 2006:

Aðilar eru sammála um að starfsfólk sem unnið hefur í tímavinnu með fastan vinnutíma í a.m.k 2 ár geti átt þess kost að fá skriflegan ráðningarsamning, enda vinni það ekki umfram þann daglega tíma sem samningur segir til um.

Reykjavík, 19. maí 2006

F.h. SFR – Stéttarfélags í almannajónustu

F.h. ÁTVR


Bókun með stofnanasamningi SFR og ÁTVR dags. 27.apríl 2007

Eftir tveggja ára starf í tímavinnu hjá ÁTVR á starfmaður rétt á því að starf hans og ráðningarkjör verði tekin til skoðunar hjá ÁTVR. Ef slík skoðun leiðir í ljós að starfsmaður hefur, á tímabilinu, haft fastan reglulegan vinnutíma að meðaltali 15 klukkustundir eða meira á viku á virkum dögum, skal hann eiga þess kost að fá skriflegan ráðningarsamning til samræmis við starfshlutfall hans.

Bókun þessi kemur í stað fyrri bókunar dags. 19. maí 2016

Reykjavík 15. júní 2016

F.h. SFR stéttarfélags í almannajónustu



F.h. ÁTVR

